



Ungmenni á Hálsinum
Saga félagsmiðstöðva, æskulýðs- og tómstundamála í
Kópavogi

William Óðinn Lefever

Lokaverkefni til BA-gráðu í Félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ungmennni á Hálsinum
Saga félagsmiðstöðva, æskulýðs- og tómstundamála í Kópavogi

William Óðinn Lefever

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Árni Guðmundsson

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
febrúar 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© William Óðinn Lefever

Reykjavík, Ísland 2011

Úrdráttur

Í þessari ritgerð verður saga æskulýðs- og tómstundamála rakin með áherslu á unglina. Einnig verður saga félagsmiðstöðva í Kópavogi sögð. Sagt verður frá lykilþáttum í byggðarlagsþróun Kópavogs og hvernig sú þróun hafði áhrif á stefnu bæjaryfirvalda hvað varðaði málefni unglina. Skólasaga Kópavogs fléttast af einhverju leiti inn í frásögnina. Sagt verður frá stofnun Kópavogsskóla, fyrsta barnaskóla bæjarins, ásamt því að gert verður grein fyrir þætti skólanna í uppbyggingu æskulýðs- og tómstundastarfs í bænum. Fjallað verður um æskulýðsráð, félagsmálastofnun og tómstundaráð Kópavogs til þess að komast að þætti þeirra í atburðarrás sem leiddi til stofnunar félagsmiðstöðva í öllum grunnskólum Kópavogs. Framboð á tómstunda- og æskulýðsstarfsemi frá árdögum Kópavogs fram til dagsins í dag verður einnig skoðað. Sagt verður frá þeim úrræðum sem stóðu unglimum til boða áður en félagsmiðstöðvarnar komu til. Fjallað verður um íþróttá- og tómstundaráð Kópavogs og sagt frá hvernig rekstur félagsmiðstöðvanna færðist undan stjórn skólanna til ÍTK. Kostir og gallar þessa breytinga verða metnir.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	1
1.1 Byggð og bú.....	2
1.2 Skipulag	3
1.3 Tómsundur: Hvað var í boði?.....	6
2. Kafli.....	9
2.1 Kópavogsskóli og pólitíkin	9
2.2 Aðrir tímar, aðrar væntingar.	12
2.3 Æskulýðsráð.....	14
2.4 Félagsmálastofnun, Félags- og Tómsundaráð	15
3. Kafli.....	19
3.1 Hvað er unglingur?	19
3.2 Agnarögn, Ekkó og ÍTK	20
3.3 ÍTK.....	23
4. Lokaorð	26
Heimildir.....	29
Prentaðar heimildir	29
Óprentaðar heimildir.....	30
Heimildarmenn	31

1. Inngangur

Félagsmiðstöðvar í Kópavogi eru líkt og í öðrum sveitarfélögum fastur liður í starfsemi bæjarfélagsins á sviði tómsundamála. Níu félagsmiðstöðvar eru starfræktar í jafnmörgum skólum með samhæfðum og skiplögðum hætti. Starfi þeirra er stýrt af Íþrótt- og tómsundaráði Kópavogs (ÍTK) sem fellur undir bæjarstjórn. Starfsmannafjöldi félagsmiðstöðvanna slagar hátt í 50 manns og þjónusta við ungmenni er orðin sjálfsgædd liður í uppeldi þeirra. Samræmdir opnunartímar eru í öllum félagsmiðstöðvum og sameiginlegir viðburðir. Þar koma unglingar allra félagsmiðstöðva koma saman, skemmta sér eða leysa ýmis verkefni.

Félagsmiðstöðvar í Kópavogi hafa ekki alla tíð starfað eins og hér er greint frá. Skipulag og umfang þeirra hefur þróast í nokkra áratugi. Starfsemin er nú þrautskipulögð og vel smurð og sinnir mörg hundruð ungmennum um gjörvalla Kópavog. Þessi þróun er umfjöllunarefni þessa verks. Rakin verður saga félagsmiðstöðva í Kópavogi frá upphafi til þess dags sem núverandi form var tekið upp. Reynt verður að segja þessa sögu ú frá félagsfræðilegum sjónarmiðum. Byggðasaga Kópavogs er lítillaga kynnt, til þess að gera lesanda grein fyrir því hvernig uppbygging bæjarfélagsins hafði áhrif á tilurð og þróun félagsmiðstöðva í Kópavogi. Sagt verður frá æskulýðsráði, félagsmálastofnun, félags- og tómsundaráði sem og ÍTK til þess að gefa lesandanum hugmynd um þróun æskulýðs- og tómsundamála í Kópavogi. Málefni grunnskóla Kópavogs verða einnig skoðuð í ljósi þess að félagsmiðstöðvarnar voru hluti af starfsemi þeirra í upphafi. Greint er frá tilfærslu starfsemi félagsmiðstöðva frá skólunum til ÍTK og þeim deilumálum sem komu í kjölfarið.

Verkið er margþætt og leitsast var við að mynda heilsteypta frásögn. Það var gert með því að skoða mikilvæga þætti í sögu byggðarlags og stjórnsýslu Kópavogs og tengja þá við tíðaranda þess tíma. Stuðst var við bækur og aðrar útgefna heimildir sem fjalla um sögu Kópavogs. Einnig var rætt við heimildarmenn sem búa yfir sérstakri þekkingu á málefnum er snúa að félagsmiðstöðvum og starfsemi þeirra. Fundargerðir og starfsskýrslur voru notaðar til að sýna þátt bæjaryfirvalda í framgöngu þessa málaflökks. Gögnin voru greind til þess að draga fram aðal áhersluþætti í sögu og þróun félagsmiðstöðva í Kópavogi. Hver var hvatinn fyrir því að setja stofnanir á borð við æskulýðsráð, tómsundaráð og ÍTK á laggirnar? Hvernig var sú vinna útfærð og hver er

afrakstur hennar? Leitast verður við að svara þessum spurningum eins náíð og með eins tæmandi hætti og hægt er.

1.1 Byggð og bú

Þegar gerð er grein fyrir sögu félagsmiðstöðva í Kópavogi verðum við að líta á byggðalagsþróun í Kópavogi frá fjórða áratug síðustu aldar fram til aldamóta. Kópavogur er næst stærsta bæjarfélag landsins með rétt rúmlega 30.000 íbúa (Hagstofa Íslands, 2010). Þó er Kópavogur með yngri bæjarfélögum landsins og hefur ekki alltaf verið mannmargur. Árið 1920 bjuggu í Kópavogi, sem þá var sveit sem tilheyrði Seltjarnarneshrepp, 94 manns. Tíu árum seinna var íbúafjöldinn kominn í 206 og átti eftir að margfalda sig á næstu árum og áratugum (Þorleifur Friðriksson, Sólborg Una Pálsdóttir og Haraldur Þór Egilsson, 2003).

Ástæður þess að mannfjölgun í Kópavogi varð svo mikil á seinni helming tuttugustu aldar eru margþættar en verða ekki raktar með nákvæmum hætti hér. Þó ber að minnast á nokkur lykilatriði sem mestu máli skipta hvað varðar þessi mál. Kreppan mikla sem skall á heimsbyggðina á þriðja áratug síðustu aldar hafði líka áhrif hér á landi. Fólk tók að flykkjast í þéttbýli, sérstaklega til Reykjavíkur í von um tækifæri til betra lífs. Reynt var að sporna við þessum búferlaflutningum með því að takmarka rými fyrir nýbyggingar. Framboð íbúðarhúsnæðis var því ekki til jafns við aukna eftirspurn. Það stöðvaði þó ekki mannskarann og fljótt var vandamálið orðið alvarlegt. Var þá meðal annars brugðið á það ráð að stofna nýbýli á landi sem var í eigu ríkissjóðs. Takmarkið var að fá fólk til þess að koma þessum jörðum í ræktanlegt form og leyfa því í staðinn að reisa sér sumarbústaði sem það átti hafast við í. Ríkissjóður skipti jörðunum Kópavogi og Digranesi niður með þessum hætti og fólk sem úthlutað var svæði tók að flytjast þangað nær strax árið 1936 (Sigríður Lúthersdóttir, 2007). Ríkið setti strax skorður á nýju landeigendurnar með því að banna þeim að reisa sér hús til varanlegra búsetu. Kofarnir sem veitt var leyfi fyrir áttu ekki að verða varanlegt húsnæði fjölskyldna heldur afdrep fyrir landeigendur, nokkurs konar sumarbústaðir. Löndin voru að jafnaði leigð til 99 ára í senn og áttu að ganga í erfðir. Skilyrði þess að fá úthlutað landssvæði í Kópavogi var að gera tíunda hluta landsins ræktunarhæfan á hverju ári þar til að skikinn væri full ræktaður tíu árum eftir úthlutun. Þótti mörgum þetta ákvæði óraunhæft enda heilu svæðin í Kópavogi ekkert nema stórar og sléttar klappir sem aðeins stórvirkar vinnuvélar gætu ráðið við (Sigríður Lúthersdóttir, 2007).

Þrátt fyrir blátt bann ríkisstjórnarinnar við heilsársbúsetu bjó fólk í þessum kofunum allt árið nánast um leið og þeir höfðu verið reistir. Stuttu síðar var leyfi veitt fyrir búsetu allt árið í húsunum enda fátt annað hægt í ljósi fólksflutninga (Sigríður Lúthersdóttir, 2007). Sökum ítarlegra reglugerða ríkisstjórnarinnar og takmarkaðs skipulags var aðbúnaður frumbyggja Kópavogs afar bágborinn. Kofarnir voru rafmagnslausir, vatnslausir, símaþjónusta var ekki til staðar og upphitun engin. Enginn skóli var í Kópavogi á þessum tíma.

Elín Finnbogadóttir segir um upphafsár sín í Kópavogi frá aðstöðuleysinu sem einkenndi Kópavog fyrst um sinn.

Foreldrar mínir höfðu flutt skúr á landið, fundið honum stað niður undir sjó og komið þar fyrir eldavél og kojum. Síðan hófu þau jarðabætur. Fyrst var grafin mórgröf ofarlega í landinu, því að lítið var um kolin. Ég minnst móhrauка á víð og dreif, mórinn þurfti að þorna en síðan fór hann í eldavélina sem var hvort tveggja í senn hitagjafi og eldunartæki. Næst var grafinn brunnur, hann gaf alltaf nóg vatn svo lengi sem hann var notaður, vandinn var bara sá að bera vatnið þennan spöl að húsinu. (Elín Finnbogadóttir, 2002 bls. 133).

Sigríður Lúthersdóttir (2007) hafði svipaða sögu að segja. Hún minntist vatnsskortsins einna helst og segir frá því hvernig Lúther faðir hennar gróf brunn og lagði inn í hús þeirra en hann var pípulagningarmaður sem kunnir til verks. Þar var kolakynding og því nauðsynlegt að hafa kjallara til þess að hitinn gæti stigið upp frá kynditækjum þar sem engar voru dælurnar. Lúther hóf því að grafa fyrir kjallara sem reyndist þrautinni þyngri þar sem undirlag hússins var meira og minna bjargklappir sem nánast var ógjörningur að ryðja. Var að þó gert með handafli og þó svo að kjallarinn hafi ekki verið stór var hann engu að síður grafinn. Margar sambærilegar frásagnir má finna í ritum tengdum bæjarsögu Kópavogs sem gefur til kynna svipaða reynslu af aðstöðuleysi og skorti á skipulagi.

1.2 Skipulag

Þrátt fyrir ýmis höft og skorti á skipulagi flyktist fólk til Kópavogs enda margir orðnir langþreyttir á því að leigja kjallarakompur í höfuðborginni eða búa með margra kynslóða stórfjölskyldu á sama heimili. Í Kópavogi var tækifæri til þess að reisa sér eigin húsnaði á eigin jörð og það höfðaði heldur betur til margra. Heilu fjölskyldurnar fluttu á þessi erfðafestulönd og börnum tók að fjölga hratt. Þess ber að geta að á fimmta

tug síðustu aldar var Kópavogur meira og minna stórgrýttir móar og keldur, langt frá því að svipa til þess bæjarfélags sem við þekkjum í dag. Nokkrir sveitabæir voru til staðar þar sem búfjárrækt var stunduð en á milli þeirra réði náttúran ríkjum og langt var milli bæja og bústaða. Börnin höfðu því úr litlu að móða hvað félagsstarf varðaði enda fór sú þróun ekki af stað fyrr en síðar. Eftir því sem íbúum fjölgaði urðu kröfur um úrbætur háværari. Eitt af stærstu málunum sem íbúar töldu að yrði að bæta úr voru skólamálin.

Segja má að fyrsti vísir að bættum skólamálum í Kópavogi hafi orðið þegar Framfarafélagið Kópavogur var stofnað 13. maí 1945. Ein af höfuð áherslum hans var að stofna skóla svo hægt yrði með lögbundnum hætti að mæta kröfum um lágmarks fræðslu barna (Björn Þorsteinsson, 1990b). Fram að þessu höfðu börn sótt skóla til Reykjavíkur sem þótti erfitt þar sem samgöngur voru erfiðar, sérstaklega á veturna. Vagnþjónusta gekk milli Reykjavíkur og Hafnafjarðar en vagnarnir voru oft svo smekkkfullir að iðulega þutu þeir framhjá börnum sem áttu leið í skóla, foreldrum til mikillar óánægju (Þorleifur Friðriksson o.fl., 2003).

Mörg börn nutu hreinlega ekki skólagöngu vegna búsetu sinnar í Kópavogi. Íbúum þótti þetta óásættanlegt og því fór Framfarafélagið í málið. Þann 7. júní 1945 hélt stjórn Framfarafélagsins á fund hreppsnefndar Seltjarnarness, skólanefndar og námsstjóra. Þar drógu bæjarbúar upp dökka mynd af ástandinu sem viðgekkst í Kópavogi „Lýsti stjórn félagsins hinu ömurlega ástandi, sem ríkjandi væri á félagssvæðinu í skóla- og fræðslumálum og kom með mörg átakanleg dæmi máli þessu til sönnunar...“ (Björn Þorsteinsson, 1990b). Þrátt fyrir einbeittan vilja bæjarbúa til þess að ráða bót á skólamálinu gekk erfiðlega að ná fram úrbótum og sennilega hefur seinagangur í málinu mikið til skrifast á hreppsnefnd Seltjarnarness. Það stafar líklega af því að Kópavogur stóð þeim ekki næst hvað skipulagsmál varðaði þó svo að málefni svæðisins heyrðu undir lögsögu hreppsnefndarinnar. Í kjölfar fundar Framfarafélagsins við skólanefnd og námsstjóra fór af stað atburðarrás sem leiddi til þess að fyrsti barnaskóli Kópavogs var tekinn til notkunar fyrst 12. janúar 1949 (Björn Þorsteinsson, 1990b).

Vatnsskortur var eitt af vandamálum frumbyggjanna á árdögum bæjarfélagsins en reynt var að bæta úr því þegar íbúafjöldinn jókst. Í grein Andrésar Kristjánssonar (1990) Atvinna, Þjónusta og Samgöngur segir að áður en vatnsveita var virkjuð gróf fólk sér brunna, safnaði rigningarvatni eða sótti vatn til Reykjavíkur. Framfarafélagið hafði

vatnsveitumálin ofarlega á lista sínum um nauðsynlegar úrbætur. Félagið lagði til við hreppsnefnd að eitthvað yrði gert í málinu í júní 1945, en hreppsnefndin var ófánleg til aðgerða. Það var svo ekki fyrr en að Framfarafélagið náði meirihluta í hreppsnefndarkosningum að eitthvað gerðist í vatnsveitumálinu. Leyfi fékkst til þess að flytja inn nauðsynleg tæki og tól til þess að hefja undirbúning að lagningu vatnsveitu árið 1947. Framkvæmdir hófust ekki fyrr en 1948 eftir að tryggt var að vatnsveitan skyldi tengd aðveituæð Reykjavíkur og hæfilegar vatnspípur voru klárar. Lagning veitunnar tók fimm ár. Árið 1953 var vatnslögn komin í allar skipulagðar götur hreppsins þrátt fyrir að Kópavogur hafi verið mest vaxandi hreppur landsins í rúmlega 10 ár. Framtaksleysi Seltjarnarneshrepps og almennt auraleysi verða að teljast höfuðástæður því víst var að viljann og metnaðinn skorti ekki hjá Kópavogsbúum.

Vegagerð var ásamt annarri grunnþjónustu lítil sem engin á fyrstu árum byggðar í Kópavogi. Samkvæmt Andrésí Kristjánssyni (1990) voru reiðstígar og troðningar í raun það eina sem finna mátti á fyrstu áratugum 20. aldar. Reyndar lagfærði Jón bóndi í Digranesi kerruslóð sem lá frá Hafnarfjarðarvegi að bænum Digranesi á árunum 1920 – 1930. Þetta gerði hann af eigin rammleik og fékk í viðurkenningarskyni 50 kr. í verðlaun frá hreppsnefnd Seltjarnarness sem telst líklega fyrsta framlag hreppsnefndarinnar til vegagerðar í Kópavogi.

Það var svo ekki fyrr en árið 1947 sem vegagerð á vegum hreppsins fór af stað að einhverju ráði með lagningu Kópavogsbrautar til vesturs að Kársnesbraut. Þar með var kominn eins konar hringvegur sem lá kringum allt Kársnesið. Til viðbótar var Digranesvegur lagður og Álfhólsvegur framlengdur að Nýbýlavegi og tengt á milli með Álfabrekku. Brattabrekka og Borgarholtsbraut fylgdu svo í kjölfarið. Þessum framkvæmdum var lokið árið 1950. Það er nokkuð athyglisvert að skoða ártölin þegar vegagerð Kópavogs er rannsökuð. Eins og fyrr segir hófust framkvæmdir ekki af ráði fyrr en árið 1947 en ári áður náðu Framfarafélagsmenn meirihluta í Hreppsnefnd Seltjarnarness. Enn og aftur virtist sem að hlutum væri ekki komið í verk fyrr en Kópavogsbúar voru komnir í meirihluta. Vegirnir sem á er minnst voru fremur frumstæðir miðað við það sem búast má við í dag. Þetta voru malarvegir án gangstétta sem oft flæddi yfir sökum þess hve lágir þeir voru og vegna holræsaleysis. Engu að síður voru vegir þessir bylting í samgöngum bæjarbúa og mikið þarfaping enda margt um manninn sem á margan stað þurfti að sækja.

Loks ber að minnast á verslunarþjónustu Kópavogshrepps. Lengi vel var engin verslun rekin í Kópavogi og urðu hreppsþúar að sækja allar sínar nauðsynjavörur til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Á stríðsárunum tók að fjölga mikið í Kópavogi og árið 1943 tók Guðni Erlendsson skúr nokkurn sem var í eigu Sæmundar Eggertssonar á leigu og hóf þar sölustarf (Andrés Kristjánsson, 1990). Þar var hægt að fá tóbak, sælgæti og eitthvað að matvöru. Bæjarþúar voru ánægðir með framtakið enda mikil þörf á verslun í ört stækkandi hrepp. Guðni Erlendsson var svo aftur að verki árið 1946, ásamt Gísla Þorgeirssyni þegar leyfi fékkst til þess að reisa verslunarhús við Kársnesbraut 1. Það varð að fyrstu matvöruverslun Kópavogs. Fleiri búðir risu um bæinn í kjölfarið. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis setti upp verslun við Urðarbraut á síðustu árum hreppsins. Þórður Þorsteinsson, síðar hreppsstjóri, fékk leyfi til þess að starfrækja blómaskála árið 1947 og Guðmundur Þorsteinsson og Þorsteinn Matthíasson opnuðu bókabúð við Digranesveg 2 árið 1954 sem síðar varð að Bókaversluninni Vedu, nú í Hamraborg. Kaupfélag Kópavogs var stofnað árið 1952 og reisti verslunarhúsnæði við Álfhólsveg en var yfirtekið af KRON eftir nokkurra ára rekstur. Það var því mikil gróska í verslunarmálum Kópavogsþúa á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar og mátti vart seinna vera, enda bærinn ört að verða að einu stærsta bæjarfélagi landsins.

1.3 Tómsundur: Hvað var í boði?

Eins og fyrr hefur verið minnst á fjölgaði íbúum Kópavogs gríðarlega um og eftir miðbik síðustu aldar. Skólar urðu yfirfullir nánast jafnóðum og þeir voru reistir. Sökum þessa leið ekki á löngu þar til Kópavogur fékk nafngiftina „barnabærinn“. Jafnframt því að erfitt var að veita öllum barnaskaranum pláss í skóla var lítið sem ekkert fyrir börn og ungmenni til þess að gera í tómsundum. Ástæður þess eru margar en hafa ber í huga að flutningur fólks til sveitarinnar var gríðarlegur. Því voru stjórnvöld illa í stakk búin til þess að mæta þörfum fólksins fyrst um sinn. Þó var strax árið 1946 kominn vísir að tómsundastarfi með stofnum skátafélagsins Kópar (Skátafélagið Kópar, 2010). Árið 1950 hefst svo barnastarf á vegum KFUM í Kópavogsskóla (KFUM og KFUK á Íslandi, 2010). Síðar meir bættust svo við fleiri tómsundarúræði á borð við ungmennafélagið Breiðablik, Siglingaklúbbinn Siglunes og Leikfélag Kópavogs. Þrátt fyrir ágæti þessara fyrrnefndu stofnana er ljóst að þau voru hvergi í stakk búin til þess að mæta þörfum sístækkandi hóps barna og ungmenna í sveitinni.

Unga fólkíð var úrræðagott og fann sér ýmislegt til þess að hafa fyrir stafni. Minningabók Kópavogsbúa (2007) er góð heimild fyrir því. Þar eru teknar saman frásagnir og stuttar ritgerðir fólks sem ólst upp í Kópavogi allt frá fyrstu dögum sveitarinnar til þeirra tíma þegar bærinn tók á sig þann blæ sem einkennir hann í dag. Ein frásögnin ber titilinn Frelsi – Víðátta – Vinátta og var rituð af fimmmeningunum Þorsteini Ásgeirssyni, Frímanni Inga Helgasyni, Lárusi Ragnarssyni, Gunnari Einarssyni og Arnóri Ragnarssyni (2007). Í frásögninni er farið um víðan völl og sagt frá mörgum uppátækjum þeirra félaga, því er vert að skoða hana nánar.

Meðal þess sem minnst er á í ritgerð félaganna eru siglingar en þeir vinirnir tóku sig saman og smíðuðu kajaka sem notaðir voru til siglinga um Fossvoginn og jafnvel allt fram að Gróttu. Allt var handgert og þó að fleyin hafi ekki verið samkvæmt stöðlum dagsins í dag voru þau fær í flestan sjó. Einnig stofnuðu þeir félagar skákklúbb og þrátt fyrir lágan aldur var félaginu stýrt af mestu fagmennsku með kosinni stjórn og formanni. Klúbburinn hlaut nafnið Hrókur og var fyrst til húsa í föðurhúsi Guðmunds Óskarssonar en færðist fljótt í húsnaði Sjálfstæðisfélags Kópavogs í Melgerði 1. Starfsemin var afar metnaðarfull. Fengnir voru þjálfarar til þess að kenna piltunum ásamt því sem verðlaunapeningar voru veitt fyrir ýmis afrek er tengdust íþróttinni. Síðar meir færðist starfsemin í Kársnesskóla sem þá var nýrisinn og fengu drengirnir að tefla þar í þökk Gunnars Guðmundssonar skólastjóra (Þorsteinn Ásgeirsson o.fl., 2007).

Árið 1958 setti bæjarfélagið á laggirnar æskulýðsráð. Sigurjón Hilariússon starfaði fyrir æskulýðsráð að málefnum þess. Hann bauð drengjunum samstarf og má ráða af því að starf þessara ungmenna hafi verið frekar umfangsmikið og vandað þar sem bæjaryfirvöld höfðu afskipti af þeim með svo beinum hætti. Boltaleikir voru vinsælir þá eins og alltaf og kofasmíði einnig. Dúfnahald varð líkt og skákin drengjum þessum mikið uppáhald og keppst var við að eignast marga og fallega fugla. Dúfnakofar voru reistir og reynt var að gera eins vel við fuglana og hægt var. Dúfnaræktin var ekkert smásmíð og á tímabili áttu félagarnir yfir hundrað fugla sem hlýtur að teljast ansi veglegt. Kanínur voru einnig ræktaðar sem gæludýr þegar dúfnaáhuginn tók að þverra. Stríðsleikir með heimagerðum sverðum og skjöldum tíðkuðust og margir hildarleikir háðir svo sár hlutust af. Þó var ávallt barist í mesta bróðerni og þegar leiknum lauk gengu allir í vinsemd til sinna heima.

Fótbolti var einnig gríðarlega vinsæll hjá drengjunum og var stundaður grimmt á Vallagerðisvelli þó að mölin væri oft illviðráðanleg. Æfðu nokkrir með Breiðablik og kepptu sín á milli. Þegar hópurinn eltist og komst á unglingsár tóku við önnur verkefni. Útileguferðir í Þórsmörk voru farnar ásamt því að farið var í heyskap og á sveitaböllum. Fannst hópnun vanta upp á ballmenningu í Kópavogi og leigðu Félagsheimili Kópavogs til þess að standa fyrir dansleik. Ballið var haldið en Sigurjón Hilariússon æskulýðsfulltrúi var viðstaddur til þess að sjá til þess að hlutir færu sómasamlega fram. Ekki voru fleiri böll haldin á vegum þessa vinahóps í félagsheimilinu enda kom upp mál sem snerti neyslu áfengis sem var óásættanlegt af hálfu Sigurjóns og æskulýðsráðs (Þorsteinn Ásgeirsson o.fl., 2007).

Frásagnir þessa vösku drengja segja ef til vill ekki alla söguna hvað varðar tómsundaiðju barna og ungmenna í Kópavogi á upphafsárum bæjarfélagsins. Engu að síður er hér um afar upplýsandi frásögn að ræða um hvað börn og ungmenni tóku sér fyrir hendur þegar lítið stóð til boða frá bæjaryfirvöldum. Hugmyndaflug og framtakssemi einkenndi allar athafnir þessa hóps og ætla má að þetta hafi ekki einungis einskorðast við þennan hóp.

Upphafsár íbúa Kópavogs einkenndust af dugnaði, vinnusemi og jafnaðargeði. Þrátt fyrir gríðarlegan skort á skipulagi, vatnleysi, vegaleysi, rafmagnsleysi, skólafarfi og fleira héldu íbúar áfram að lifa lífinu og sá fræjum fyrir komandi kynslóðir. Í raun er byggðarsaga Kópavogs sérstök vegna þess að flutningar hófust ekki þangað að ráði fyrr en í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar. Í dag, sjötíu árum seinna er bærinn sá næsttærsti á landinu og gefur öðrum bæjarfélögum ekkert eftir hvað varðar almenna þjónustu við íbúa eða félagsstörf fyrir ungmenni sem sýnt verður fram á í næstu köflum.

2. Kafli

2.1 Kópavogsskóli og pólitíkin

Kópavogsskóli markaði að mörgu leyti upphaf tómsunda og félagsstarfs í Kópavogi. Þetta stafar af því að hann var með fyrstu byggingum Kópavogs sem hafði aðstöðu til þess að bjóða upp á á sviði tómsunda- og félagsstarfs. Allt ferlið í kringum byggingu skólans er sömuleiðis mikilvægt til frásagnar. Það gefur góða mynd af skipulagsmálum og pólitík hreppsins á eftirstríðsárunum þegar uppbyggingin var sem allra mest.

Kópavogsskóli var fyrsti barnaskóli hreppsins og var tekinn í notkun 12. janúar 1949. Hann kom til eftir nokkurra ára baráttu milli Kópavogsbúa og hreppsnefndar Seltjarnarness. Kópavogsbúar, undir handleiðslu Framfarafélags Kópavogs, vildu reisa skóla til þess að hægt yrði að mæta lágmarks kröfum um fræðslu barna. Hreppsnefnd Seltjarnarness virtist aftur á móti lítið vilja gera í málinu. Í bókinni „Innan veggja og utan“ segja Þorleifur Friðriksson o.fl. (2003) frá þessari baráttu og eru heimildir um hana (nema annað komi fram) að mestu sóttar þangað.

Ofar var sagt frá fundi sem Framfarafélagið átti með hreppsnefnd, skólanefnd og Bjarna Jónssyni, námsstjóra 7. júní 1945. Þar lýstu Framfarafélagsmenn bágrri stöðu skólamála og lögðu til að bygging skóla yrði sett af stað sem fyrst. Kristján og Guðmundur Ísakssynir buðust til þess „að gefa timbur fyrir 5000 krónur til byggingar skóla og kosta flutninginn á steypuefni með því skilyrði að einhver hluti byggingarinnar yrði nothæfur til kennslu næsta vetur.“ Þrátt fyrir þetta rausnarlega tilboð af hálfu Kópavogsbúa tók hreppsnefndin enga endanlega ákvörðun í málinu. Ástæður þess voru meðal annars að engin kostnaðaráætlun var til, enn átti eftir að finna stað fyrir skólann og að enn ætti eftir að finna verkamenn til þess að reisa bygginguna. Framfarafélagið var ósátt við þessa niðurstöðu. Á fundi hjá Framfarafélaginu þann 9. júní 1945 voru niðurstöður fundarins sem haldinn var 7. júní 1945 kynntar. Umræður á fundinum leiddu til þess að tillaga var samþykkt sem innibar að enginn flutningur barna til skóla í Reykjavík skyldi fara fram og að skóla skyldi áætlaður staður í hálsinum austan við Hafnarfjarðarveg. Tillaga þessi var send til skólanefndar.

Þrátt fyrir að Framfarafélagið hafi verið ósátt við afstöðu skólanefndar, hóf hún strax að vinna í málinu. Hún samþykkti að leita til fræðslumálastjórnarinnar til þess að gera teikningar og kostnaðaráætlun fyrir skólahúsnæði fyrir 80 – 90 börn í Kópavogi.

Þann 12. júní 1945 lagði skólanefndin til við hreppsnefnd að skóli yrði reistur í Kópavogi þar sem byggð hafði aukist til muna á þessu svæði. Hreppsnefnd komst í kjölfarið að þeirri niðurstöðu 18. júní sama ár að leggja fram fé úr sveitarsjóði til skólahalds en frestaði ákvörðun um byggingu skólahúss þar til teikningar og kostnaðaráætlun lægju fyrir. Þess í stað skyldi athuga með að finna bráðabirgðahúsnæði svo hægt yrði að kenna á komandi vetri. Fræðslumálastjóri svaraði skólanefnd 20. júní sama ár og sagði að beðið væri eftir ákvörðun hreppsnefndar áður en hann gerði nokkuð í málinu. Í byrjun júlí þetta sama ár fóru tveir menn á vegum skólanefndarinnar ásamt fulltrúum Framfarafélagsins til Kópavogs í leit að hentugum stað fyrir skólann. Hópur þessi skrifaði bréf dagsett 7. júlí 1945 til fræðslumálastjóra þar sem sagt var frá því svæði sem best þótti henta til skólahalds. Um var að ræða fimm hektara land í eigu Skúla Thorarensen sem var laust við öll mannvirki. Líður svo fram til 19. ágúst. Þá var almennur félagsfundur Framfarafélagsins haldinn og fulltrúar hreppsnefndar og skólanefndar ásamt Bjarna Jónssyni, námsstjóra og Aðalsteini Eiríkssyni, fulltrúa fræðslumálastjóra sátu þann fund. Markmið fundarins af hálfu Framfarafélagsmanna var að krefja hreppsnefnd um svör varðandi fyrirhugaðrar byggingar skólans ásamt því að hvetja til þess að málinu yrði flýtt svo kennsla gæti hafist sem fyrst í þar til gerðu húsnæði.

Fundur þessi samþykkti einróma tillögu sem sagði að flutningur barna til Reykjavíkur í skóla væri óásættanlegur enda hefði það raskandi áhrif á kennslu barna ásamt því að vera óhagkvæmur með öllu. Samþykkt var að strax yrði byrjað að reisa skóla og því skyldi haldið áfram með eðlilegum hætti þar til að bygging hans væri lokið á næstkomandi ári. Bráðabirgðahúsnæði skyldi útvega til þess að fylla tímabilið á milli. Loks var samþykkt að skora á yfirvöld fræðslumálanna um að sjá til þess að skólanum yrði úthlutað rífleg lóð, helst ekki minni en fimm hektara svo tryggt yrði að skólinn fengi svigrúm til þess að stækka og byggja mætti íþróttahús og leiksvæði um kring. Nokkrum dögum eftir að fundur þessi var haldinn var fundið húsnæði sem sinna átti húsnæðiseklunni til bráðabirgða.

Það verður að teljast líklegt að fundurinn 19. ágúst hafi ekki ráðið mestu um þá ákvörðun. Sennilega hafa fyrstu fundirnir haft meiri áhrif því fljótlega eftir að þeir voru haldnir fóru hjólin að snúast í hreppsnefnd. Samþykkt var að veita fé til skólamála í „upphreppnum“ og leit hafin af bestu úrræðunum.

Segja má að ferlið sem hér er rakið hafi einkennst af töluverðum átökum Framfarafélagsins við hreppsnefnd Seltjarnarness. Kópavogsmenn voru á því að hreppsnefndin vildi ekkert fyrir sveitina gera en svo var reyndar ekki ef nánar er að gáð. Í raun fór Seltjarnarneshreppur strax af stað í að finna lausn á málinu. Ef dagsetningar fundanna er skoðaðar sést líka að allt ferlið, frá því að engin stefna var til í hreppsnefndinni til þess að búið var að finna bráðabirgðahúsnæði og vinna hafin að fyrirhuguðum skóla, voru ekki nema tæpir þrjú mánuðir. Þörfin var aftur á móti svo brýn að álitu Kópavogsmanna að allt virtist í lamasessi.

Fyrsti barnaskóli Kópavogs var tók til starfa á Hlíðarvegi 9. Kennsla fór þar fram, undir stjórn Guðmundar Eggertssonar, haustið 1945 fram á vor 1946. Skólinn fékk fljótlega gælunafnið Svarti skóli sökum þess að húsið var þakið tjörupappa. Húsnæðið var hugsað til bráðbirgða og hýsti 20 börn á aldrinum 7 – 10 ára en önnur börn þurftu að sækja skóla til Reykjavíkur. Strax eftir fyrsta vetur var leigusamningnum rift og leita varð því að nýju húsnæði fyrir næsta vetur. Hvergi bólaði á sérreistri skólabyggingu.

Sumarið 1946 bauð Framfarafélagið fram lista til hreppsnefndar Seltjarnarness. Það var gert til þess að hafa áhrif á málefni er snéru að uppbyggingu Kópavogs. Þessu bjuggust fáir við enda hafði fólkið á Hálsinum alltaf staðið svolítið út úr hvað hreppsmál varðaði. Mikil fjölgun í Kópavogi hefur væntanlega haft sitt að segja um úrslit kosninganna en Framfarafélagið hlaut þrjú menn af fimm kjörna og hafði því meirihluta í hreppsnefnd. Þeir voru Guðmundur Eggertsson, Guðmundur Gestsson og Finnbogi Rútur Valdimarsson. Í skólanefnd voru skipuð þau Hulda Jakobsdóttir, Ingjaldur Ísaksson og Sigurður Flygenring.

Strax um haustið samþykkti skólanefnd byggingu skóla. Einnig var fundinn nýr staður fyrir barnaskólann sem áður hafði starfað í húsnæði að Hlíðarvegi 9. Húsið við Digranesveg 2 var tekið á leigu og var Guðmundur Eggertsson aftur ráðinn skólastjóri og Gunnar Guðmundsson sem kennari. Þegar leið að lokum ársins 1946 sótti hreppsnefnd eftir lóð undir barnaskólann og skipulagsnefnd samþykkti staðarval hennar í febrúar 1947. Fóru þá af stað samningar við landbúnaðar- og dóms- og kirkjumálaráðuneytið um leyfi fyrir og staðsetningu byggingarinnar. Framkvæmdir hófust um vorið 1947 og var enn annað bráðabirgðahúsnæðið tekið í notkun, að þessu sinni að Kársnesbraut 32 þar sem Málning hf. var eitt sinn til húsa. Enn var Guðmundur Eggertsson skólastjóri og með honum störfuðu þrjú aðrir kennarar.

Í ársbyrjun 1948 varð Kópavogur að sjálfstæðum hrepp. Þetta hafði legið í loftinu frá því um haustið árið áður en þá hóf að bera á ósætti í garð hreppsnefndar. Hún þótti einráð, hélt sjaldan fundi og þótti fara heldur frjálstlega með fjármuni hreppsins meðal annars með byggingu skólans í Kópavogi. Til hreppsstjórnar í Kópavogi buðu tvær fylkingar fram. Framfarafélagið undir handleiðslu Finnboga Rúts Valdimarssonar og listi Þórðar Þorsteinssonar sem naut stuðnings sjálfstæðismanna. Framfarafélagið hlaut fjóra af fimm mönnum og Þórður komst inn sem fimmti maður. Þórður var svo gerður að hreppsstjóra, þvert á vilja meirihluta hreppsstjórnar, í valdi Stefáns Jóhanns Stefánssonar forsætis- og félagsmálaráðherra. Finnbogi skýrði frá því í maí 1948 að öll nauðsynleg leyfi til byggingar barnaskóla væru fengin og áfram hélt bygging skólans. Ekki var hægt að taka hann til notkunar strax um haustið 1948 og því var Kársnesbraut 32 aftur tekin á leigu þar til fyrsta áfanga byggingarinnar var lokið. Kópavogsskóli var því settur 12. janúar árið 1949.

Þegar húsið var tekið í notkun vænkaðist hagur allra íbúa Kópavogs til muna. Fljótlega var ljóst að bygging þessi væri ekki einungis skóli heldur mannvirki sem hýst gat ýmiss konar starfsemi. Stjórnmalaflokkar fengu þar að halda dansleiki og fundi fyrir almenning, Kvenfélag Kópavogs fékk þar aðstöðu ásamt Ungmennafélaginu Breiðablik sem kenndi vikivaka og fleira. Ásamt því var kirkjan þar til þess að vera með starfsemi fyrir börn. Húsnæðið var því vel nýtt strax frá upphafi og raunar í svo miklum mæli að það sprengdi utan af sér á fáeinum árum.

2.2 Aðrir tímar, aðrar væntingar.

Kópavogur, eins og ofar hefur verið greint frá, óx afar hratt. Hann var hluti af Seltjarnarneshreppi til ársins 1948 en varð þá eigin hreppur og færðist vald þá nær þeim sem áttu heima í Kópavogi. Tilurð Kópavogshrepps markaði tímamót í allri stjórnsýslu enda engin samkeppni lengur um málefni við þá sem bjuggu á Seltjarnarnesi. Það er því ekki að undra að öll uppbygging hreppsins hafi tekið miklum framförum eftir að Kópavogur varð að sjálfstæðum hreppi.

Kópavogur fékk kaupstaðarréttindi 1955. Mikil pólitísk deila snérist um kaupstaðarmálin. Þingmenn Alþýðu-, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks lögðu fram tillögu um stofnun kaupstaðar og voru rökin af ýmsum toga. Fjöldi íbúa Kópavogshrepps var orðinn slíkur að fulltrúum flokkanna þótti eðlilegt að leggja til

stofnun kaupstaðar. Einnig þótti flokksmönnum þáverandi fyrirkomulag ábótavant vegna þess að sveitarstjórnarlög tryggðu ekki að meirihluti hreppsnefndar gæti ekki misnotað vald sitt. Í svo stóru sveitarfélagi væru stjórn hreppsmála svo viðamikil og margþætt að skipan þeirra innan sveitarstjórnarlaga væri ekki lengur fullnægjandi. Löggæslu og skattamálum væri illa sinnt og bæta þyrfti úr þeim málum hið snarasta (Lýður Björnsson, 1990).

Hreppsnefndin, undir stjórn Finnboga Rúts Valdimarssonar, lagðist gegn tillögu um stofnun kaupstaðar og bar fyrir sig þau rök að gríðarlegur kostaður myndi fylgja þeirri ákvörðun. Þetta væri einnig óráðlegt þar sem sjálfstætt atvinnulíf hreppsins væri ekki tryggt og hann þyrfti því enn um sinn á aðstoð frá ríkinu að halda er snéri að þeim málum. Einnig væri eðlilegra að hreppurinn sameinaðist Reykjavík enda hálfgerð úthverfi fólks sem streymt hafði frá höfuðborginni (Lýður Björnsson, 1990). Hreppsnefndin hafði andstæðinga sína í ofangreindum flokkum grunaða um græsku. Hún vildi meina að ákveðnir aðilar hefðu ekki getað sætt sig við úrslit sveitarstjórnarkosninga árinu áður, 1954. Þess vegna vildu andstæðingar hreppsnefndarinnar stofna kaupstað. Þá yrði að efna til nýrra kosninga þar sem þessir aðilar gætu freistast til þess að ná kjöri fyrir en annars hefði verið. Hvatinn var sannarlega til staðar enda vantaði Alþýðuflokkinn aðeins 15 atkvæði til þess að fella hreppsnefndarmeirihlutann í kosningum árið 1954. Hvergi kemur þó fram í málflutningi flokkanna að það hafi verið ein af ástæðum þess að fara fram á stofnun kaupstaðar í Kópavogi.

Fram líða stundir. Bærinn stækkar og tók smátt og smátt á sig mynd nútíma bæjarfélags. Vegir voru lagðir, vatn veitt, skólar reistir og rafmagn tengt. Bæjarvitundin tók að færa sig frá því að einblína á skipulagsmál og hófu að takast á við aðrar áskoranir sem fóru að gera vart við sig. Þjónusta við ungmenni skipaði þar stóran sess. Með aukinni velmegun eftirstriðsáranna breyttust lifnaðarhættir fólks í þéttbýli til muna. Atvinna varð stöðugri og arðbærari og fjölskyldan þurfti ekki lengur að vinna sem heild til þess að framfleyta sér. Börn og ungmenni voru nánast tekin út úr atvinnuumhverfinu en fram að þessum tímum hafði tíðkast að börn og ungmenni unnu ýmis störf til þess að framfleyta heimilinu (Þorleifur Friðriksson o.fl., 2003).

Kópavogur byggðist af mörgu leyti upp af fólki sem rækta vildi land sitt sér til sjálfsþurftar og unnu börn og ungmenni að því eins og aðrir. Þegar líða tók að sjötta

áratug síðustu aldar voru þessir lifnaðarhættir meira og minna horfnir. Börn og ungmenni þurftu ekki lengur að vinna sér til framfærslu og fyrir vikið sköpuðust miklar tómstundir. Skóladagurinn tók vissulega sinn tíma og eitthvað var af skipulagðri tómstundastarfsemi en engu að síður hafði þessi hópur mikinn tíma aflögu og fátt við hann að gera. Þetta leiddi af sér ný félagsleg vandamál sem almenningur fór í auknum mæli að vera var við. Smátt og smátt fóru að heyrast raddir um að eitthvað þyrfti að gera til þess að koma til móts við þennan ört stækkandi hóp. Sem dæmi um þessi vandamál má nefna samansöfnun ungmenna í undirgöngum og biðskýli Hamraborgar. Margt bendir til þess að ungmennaskarinn sem hertók undirgöngin og biðskýlið um kvöld og helgar hafi verið ein stærsta ástæða þess að farið var af stað með stofnun félagsmiðstöðvar í Kópavogi en nánar verður sagt frá því síðar.

2.3 Æskulýðsráð

Tómstundastarfsemi var af frekar skornum skammti í Kópavogi frá 1950 – 1970. Lítið hafði verið hugað að þessum málum framan af enda hafði verið nóg að gera á öðrum sviðum uppbyggingar. Veturinn 1957 varð þó breyting þar á þegar Jónas Pálsson kennari var fenginn af bæjarstjórn til þess að semja álitserð um möguleika á að koma upp tómstundaiðju fyrir unglunga. Álitserðinni skilaði hann af sér í mars 1958 og mánuði síðar var hann skipaður í nefnd ásamt Andrési Kristjánssyni og Páli G. Bjarnasyni til þess að vinna frekar að því að koma slíku tómstundastarfi í framkvæmd. Þeir skiluðu svo af áliti til bæjarstjórnar sem leiddi til stofnunar æskulýðsráðs Kópavogs 16. maí árið 1958.

Æskulýðsráðið átti að starfa líkt og æskulýðsráð Reykjavíkur. Æskulýðsráð Kópavogs starfaði til ársins 1972 þegar það var lagt niður og tómstundaráð Kópavogs tekið upp (Björn Þorsteinsson, 1990c). Unglingavinnan var einnig sett á laggirnar þetta sama ár. Markmið hennar var að útvega sumarvinnu fyrir unglunga sem ekkert höfðu að gera og enga vinnu fengu. Upphaflega var um hreinsunar- og lagfæringarverk að ræða en þegar á leið urðu verkefni fjölbreyttari. Þetta var mikil þjónustuaukning við unglungana en taka skal fram að fyrstu starfsárin var unglingavinnan aðeins ætluð piltum. Árið 1968 var nafni unglingavinnunnar breytt í Vinnuskóla Kópavogs og það ár sóttu 203 unglingar um vinnu, þar af 129 stúlkur, sem þá voru komnar með atvinnurétt (Björn Þorsteinsson, 1990c). Vinnuskólinn lifir enn góðu lífi í dag og ljóst er að hann

hefur spilað mikilvægt og stórt hlutverk í tómstundastarfi Kópavogs frá því hann var stofnaður.

Þrátt fyrir takmarkað æskulýðs- og tómstundastarf voru ýmis frjáls félagasamtök starfrækt sem buðu fram á ýmiss konar tómstundastarf en starfsemi þeirra höfðaði alls ekki til allra. Dæmi um slík félög voru skátafélagið Kópar, ungmennafélagið Breiðablik, sem síðar varð að íþróttafélagi og starf á vegum KFUM. Félögin gerðu lítið í því að fá ungt fólk til þess að taka þátt heldur voru til staðar fyrir þá sem þegar höfðu áhuga og frumkvæði.

Æskulýðsráð gerði hvað það gat til þess að bjóða upp á tómstundastarfsemi bæði í skólum og í áhaldahúsi bæjarins og var framboðið nokkuð gott yfir vetrarmánuðina. Meðal þess sem æskulýðsráð bauð upp á voru námskeið í tága- og bastgerð, hjólhestaviðgerðir í áhaldahúsinu, leðuriðju og föndursmíði. Einnig voru settir af stað klúbbar, til að mynda frímerkja- og taflklúbbar. Síðar meir fékk æskulýðsráð aðstöðu í Félagsheimili Kópavogs en sökum mikillar aðsóknar þótti ljóst að meira pláss væri nauðsynlegt. Árið 1964 var Sigurjón Ingi Hilaríusson ráðinn sem æskulýðsfulltrúi. Markar sú ráðning ákveðið upphaf að samstarfi skólanna og æskulýðsráðs.

Málaflokkurinn fékk byr undir báða vængi með tilkomu æskulýðsráðs og beins samstarfs Sigurjóns æskulýðsfulltrúa með skólunum. Sama ár og hann var ráðinn til starfa var boðið upp á sumarstarfsemi. Fram til þessa hafði tómstundastarf á vegum æskulýðsráðs verði bundið við veturinn eða skólaárið en nú átti að bæta við sumarnámskeiðum og öðrum úrræðum. Stangveiðiklúbbur og ferðaklúbbur voru settir á laggirnar ásamt því að leikjanámskeið voru gerð umfangsmeiri og áttu að þjóna aldurshópnum 5 – 14 ára (Björn Þorsteinsson, 1990c).

Árið 1966 fékk æskulýðsráð aðstöðu í húsnæði að Álfhólsvegi 32 sem jók aðstöðu til tómstundamála til muna. Einnig fengu önnur félagasamtök þar aðstöðu fyrir sitt starf þegar ekki fór fram skipulögð vinna af hálfu æskulýðsráðs.

2.4 Félagsmálastofnun, Félags- og Tómstundaráð

Víkur þá sögunni fram til ársins 1970. Þá er vinna við stofnun Félagsmálastofnunar komin á fullt. Nefnd hafði verið skipuð til undirbúnings félagsmálastofnunar og var skipuð sjö manns. Hún átti að skila af sér tillögum um skipan félagsmála í Kópavogi. Á fyrsta fundi lá fyrir tillaga Ólafs Guðmundssonar barnaverndarfulltrúa Kópavogs og

meðlims nefndarinnar um skipan félagsmála í Kópavogi, samþykkt fyrir félagsmálaráð Reykjavíkurborgar og samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogs. Úr þessum gögnum var unnið og í janúar árið 1971 lagði nefndin til að ráðinn yrði félagsmálastjóri sem vinna átti með nefndinni að undirbúningi og stofnun félagsmálaráðs í Kópavogi. Kristján H. Guðmundsson var ráðinn félagsmálastjóri í október 1971. Nefndin, ásamt Kristjáni, skilaði svo af sér tillögu um stofnun félagsmálastofnunar, félagsmálaráðs og tómstundaráðs þann 2. mars 1972. Þessi breyting hafði ýmislegt í för með sér.

Ólafur Guðmundsson barnaverndarfulltrúi hafði í tillögu sinni til bæjaryfirvalda, lagt til að hin ýmsu ráð og svið, er snéru að félags- og tómstundamálum yrðu samræmd í stærri og umfangsmeiri stofnun sem gæti stýrt málaflokkunum með meiri hagkvæmni og skilvirkni. Fyrir tíma félagsmálastofnunar hafði, samkvæmt Birni Þorsteinssyni (2010), starfsemi bæjarins verið heldur sundurleit. Menn störfuðu við sín málefni óháð öðrum, samskipti milli starfsmanna og deilda var lítil sem engin. Þess vegna var starfið fremur óskilvirkt. Hin ýmsu ráð og svið sem snéru að hinu og þessu tengdu félags- og tómstundamálum í bænum voru því öll ótengd og vissu lítið af því hvað hin voru að gera. Félagsmálastofnun með félagsmálaráði og tómstundaráði markaði að flestu leyti endalok þessara vandamála.

Tómstundaráð var stofnað í mars 1972 og sá um allt sem við kom íþróttum, tómstundum og félagsstarfi aldraðra í Kópavogi. Tómstundráð samanstóð af sjö nefndarmönnum, þrír valdir af bæjarstjórn en fjórir tilnefndir af frjálsum félagasamtökum (Björn Þorsteinsson, 1990c). Skipan þessi má ef til vill teljast óvenjuleg þar sem meirihluti ráðsins var á vegum samtaka sem ekki komu nálægt bæjarpólitík.

Björn Þorsteinsson (2010) heldur fram að töluverð togstreita hafi stundum myndast í ráðinu sökum þessa. Allt í einu voru komnir fulltrúar inn í nefnd á vegum bæjarins sem ekki tóku þátt í pólitíska landslaginu með neinum hætti, heldur einbeittu sér frekar að sínu eigin félagi. Um skipan þessa spunnust fljótt deilur. Bar svo við að menn voru farnir að velta fyrir sér hvort leyfa ætti ákveðnum aðilum á vegum einhverra frjálsra félagasamtaka að taka ákvarðanir um peninga bæjarins. Þetta var ekkert endilega raunin en staðreyndin var engu að síður sú að fulltrúar frjálsu félagasamtakanna höfðu meirihluta og gátu tekið sig saman og stýrt tómstundaráðinu eftir sínu höfði ef þeir vildu.

Tómstundaráð starfaði með þessum hætti til maímánaðar 1984 þegar íþróttaráð var stofnað. Þá fóru málefni er tengdust íþróttum frá tómstundaráði til nýstofnaðs íþróttaráðs. Var nefndarmönnum þá fækkað úr sjö í tómstundaráði í fimm, þrír skipaðir af bæjarstjórn og tveir tilnefndir af frjálsum félagasamtökum. Sama fyrirkomulag var haft í íþróttaráði.

Starfsemi tómstundaráðs, frá því að það var stofnað, lagði ríka áherslu á samstarf við barnaskóla í Kópavogi. Samráð var haft við skólastjóra og nemandafélög um hugmyndir að því hvað skyldi gert og hvernig. Einnig starfaði ráðið með Víghóla- og Þinghólsskóla sem voru gagnfræðiskólar bæjarins. Þar var boðið upp á ýmsa klúbba og námskeið til dæmis í borðtennis, þjóðdönsum, ljósmyndun og fleira. Einnig voru opin hús haldin í gagnfræðiskólunum nokkrum sinnum yfir skólaárið (Björn Þorsteinsson, 1990c).

Þátttaka í starfinu var misjöfn en ljósti þótti að starfsemin borgaði sig og nutu margir góðs af. Taka skal fram að opnu húsin sem boðið var upp á var nýmæli og vísir að því starfi sem síðar átti eftir að einkenna starfsemi félagsmiðstöðvanna í Kópavogi. Árið 1973 tók Tómstundaráð upp á því að halda hæfileikakeppni fyrir fólk á aldrinum 12 – 28 ára. Vel var tekið í þetta nýmæli og þátttaka var töluverð (Björn Þorsteinsson, 1990c).

Siglingaklúbburinn Kópanes, áður Siglunes, var lengi vel einn af stærstu útgjaldsliðum tómstundaráðs. Hann var starfræktur á sumarmánuðum og árið 1973 var opið fjórum sinnum í viku með tvískiptum hópum í eldri og yngri. Aðsóknin í klúbbinn var afar mikil. Árin 1972 – 1980 sóttu þegar best lét 500 til 1200 börn og unglingar klúbbinn yfir sumarmánuðina sem teljast verður allgott.

Hestamannafélagið Gustur stóð fyrir námskeiðum í hestamennsku í samstarfi við tómstundaráð og sóttu á bilinu 60 upp í 200 börn og unglingar námskeið hjá Gusti. Skólagarðar og Vinnuskóli Kópavogs voru einnig starfræktir á sumrin og tóku mörg börn og unglingar þátt í því starfi (Björn Þorsteinsson, 1990c).

Tómstundaráð sá einnig um öll íþróttamál bæjarins og hafði mikil afskipti af íþróttamannvirkjum Kópavogs. Kom hún að byggingu Kópavogsvallar og íþróttahúss við Digranesskóla. Allt frá árinu 1972 vann tómstundaráð að því að koma upp íþróttahúsinu í Digranesi en ferlið var langt og strembið. Húsið var loks tekið í notkun í

nóvember 1983 (Björn Þorsteinsson, 1990c). Þetta var mikið fagnaðarefni fyrir bæjarbúa sem loksins höfðu eignast heimavöll sem hægt var að keppa á.

Það er því ljóst, að þegar fram liðu stundir frá stofnun tómsundráðs jókst starfsemi sem snýr að málefnum ungmenna til muna. Miðstýrð stofnun sem hélt utan um alla málaflokka sem snéru að tómsunda- og íþróttamálum reyndist því ansi vel. Þó bar enn á „unglingavandamálinu“. Fólki kvartaði undan samsöfnun unglunga í undirgöngum Hamraborgar, biðskýlinu og sjoppum bæjarins. Ekki hjálpaði til að þónkið reið yfir land og þjóð í kringum árið 1978 með öllu sínu hafurtaski. Bæjarbúar vildu að eitthvað yrði gert í málinu. Einhverra úrbóta eða breytinga var þörf til þess að leysa þetta alvarlega vandamál.

3. Kafli

3.1 Hvað er unglingur?

Ungdómur vorra daga elskar munað. Hann hagar sér illa og fyrirlítur yfirvöld. Hann sýnir hinum eldri enga virðingu og elskar tóman hégóma í stað vinnu. Börnin eru harðstjórar í stað þess að vera þjónar fjölskyldunnar. Þau standa ekki lengur upp þegar eldri manneskja kemur inn. Þau andmæla foreldrum sínum, tala á undan öðrum, gleypa í sig matinn og eru foreldrum sínum harðstjórar. (Sókrates)

Eins og áður var á minnst breyttust hagir ungs fólks til muna eftir seinni heimstyrjöldina. Framfarir í tækni leiddu af sér að færri hendur þurfti til að vinna flest verk og fólk tók að breytast úr framleiðendum í neytendur. Þetta átti sérstaklega við um unglunga. Unglingar tóku að sér neysluhlutverkið og fyrr en varði spratt unglingatíska upp í öllu sínu veldi. Sem hópur tóku unglingar að upplifa sig sem sérstakt, afmarkað fyrirbæri. Ekki börn og ekki fullorðnir. Sér fatatíska, tónlistarsmekkur, hegðun og áhugamál fylgdu þessari breytingu. Nýr menningarkimi varð til. Bítlaæðið greip um sig á sjöunda áratugnum hérlendis. Íslenskar hljómsveitir á borð við Hljóma tóku til starfa til þess að líkja eftir Bítlanum og nutu mikillar velgengni. Fatatíska fylgdi bítlaæðinu enda vildu allir líkjast hetjum sínum í hljómsveitinni.

Æðið var að flestu leyti stýrt af ungmönnum sem fundu sig í tónlistinni og boðskapnum. Eldri kynslóðir skildu ekkert í þessu „gargi“ eins á sést á ummælum Odds A. Sigurjónssonar skólastjóra Gagnfræðiskóla Kópavogs á árunum 1960 – 1974:

Mér finnst nú þurfa mikið hugmyndaflug til að kalla þetta „Tónlist“. Yfirleitt held ég, að það sé nokkuð langt neðan við það svið, sem heyrir undir list. Subbulegur útgangur á fremjendum þess hávaða bætir ekki um í mínum augum. Það hlýtur að vera eitthvað bogið við sálarlíf fólks, sem á þess kost, að vera þrifalegt, en gengur til fara um höfuðið, eins og Sæfinnur með sextán skó (Þorleifur Friðriksson o.fl., 2003, bls. 252-3).

Ekki lagaðist ástandið þegar næsta stóra tiskubylgja reið yfir. Þönkið þótti lítið skárra en bítlaæðið eða diskótímabilið. Öllu heldur þótti fólki það verra enda fylgdi lífstílnum oft mikill glundroði. Músíkin var gróf og jafnvel fjandsamleg, klæðaburður þönkara þótti ljótur og skítugur og lífstíllinn ekki ákjósanlegur. Framboð á fíkniefnum stórvókst á sama tíma og þönkið reið yfir. Fólk tók að misnota þau og þau voru viðriðin þönkið nánast frá upphafi.

Kópavogur hefur löngum verið kallaður heimabær pönksins. Þetta var sennilega vegna þess að í Kópavogi var fjöldi barna og unglinga mikill á þessum árum og því stór hópur af unglungum sem tóku þátt í þessum tískustraumi. Margar frægustu pönkhljómsveitir landsins komu úr Kópavogi og ber þar helst að nefna Fræbbblana. Sú hljómsveit kom reyndar fram á Myrkramessu Menntaskólans í Kópavogi í nóvember 1978 við mikinn fögnuð nemenda (Aðalheiður Erlendsdóttir og Pétur Ólafsson, 2009).

Varla þarf að minnast á að unglingsaldurinn er tími mikilla breytinga bæði á líkama og sál. Fyrir vikið er unglungurinn upptekinn af sjálfum sér og útliti sínu. Hann er sjálfhverfur í eðli sínu og gengur út frá því að aðrir séu jafn uppteknir af honum og hann sjálfur (Elkind, 1974). Að standa fyrir framan spegilinn og virða sig fyrir sér er aðeins ein birtingarmynd sjálfskoðunar unglingsins. Þessi sjálfskoðun er líka inn á við og er mikilvægur þáttur í þroskaferli einstaklings.

Undirgöng og biðskýli Hamraborgar einkenndu að mörgu leyti menningu unglinga í Kópavogi á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Sjoppurnar voru einnig algengir áningarstaðir unglinga um kvöld og helgar. Fjöldinn var slíkur að bera fór á kröfum bæjarbúa um úrbætur upp á bæjarskrifstofur Kópavogs.

3.2 Agnarögn, Ekkó og ÍTK

Í kjölfar þeirra félagslegu vandamála sem fylgdi unglungum á áttunda og níunda áratugnum var ljóst að eitthvað þyrfti að gera til þess að koma til móts þá. Árið 1981 fóru fram umræður á fundi tómsundaráðs um vannýtt húsnæði í kjallara leikskólans að Fögrubrekku. Bent var á að húsnæðið væri kjörin aðstaða fyrir starfsemi á sviði tómsunda fyrir börn og unglinga. Tómsundaráð beindi eindregnum tilmælum til bæjarráðs að ákveða hvernig nota ætti húsnæðið (Ópr. Tómsundaráð Kópavogs, 1981).

Miklar umræður voru í bæjarstjórn um mögulegt húsnæði fyrir unglinga í Kópavogi. Ásamt húsnæðinu í Fögrubrekku var rætt um afnot af kjallaranum í Hamraborg 1 og húsnæði í Auðbrekku þar sem trúfélagið Krossinn hafði verið til húsa (Björn Þorsteinsson, 2010). Reyndar hafði verið starfsemi í Hamraborg 1 sem snéri að þjónustu við unglinga. Í húsinu var aðstaða fyrir hljómsveitir og segja má að það hafi verið heimavöllur margra pönkhljómsveita sem höfðu ekki í önnur hús að venda. (Aðalheiður Erlendsdóttir og Pétur Ólafsson, 2009).

Rauði þráðurinn í leit bæjaryfirvalda að húsnaði var að finna húsnaði í miðbæ Kópavogs sem þjónustað gat alla unglunga bæjarins. Ekki voru allir sáttir við þá hugmynd. Bent var á að með einni stórrí félagsmiðstöð í miðjum bænum væri verið að gera þeim sem bjuggu á útjöðrum bæjarins erfitt fyrir að sækja félagsmiðstöðina. Því væri betra að hverfisskipta félagsmiðstöðvunum, hafa þær minni og fyrir unglunga sem bjuggu nálægt.

Árið 1983 var félagsmiðstöðin Agnarögn sett á laggirnar í kjallara leikskólans við Fögrubrekku. Edda Andrésdóttir var ráðinn forstöðumaður og starfaði í eitt ár. Með stofnun Agnarangar var umræðunni um fyrirkomulag félagsmiðstöðva lokið. Hugmyndin um stóra félagsmiðstöð, staðsetta miðsvæðis í bænum sem þjóna átti öllum unglungum í Kópavogi hafði betur og Agnarögn var fulltrúi hennar.

Starfsemi í Agnarögn var með svipuðu sniði og starf skólanna á vegum tómstundaráðs. Meira var þó gert úr opnum húsum og diskótekum en námskeiðum og klúbbum. Aðstaðan var hugsuð sem afdrep þar sem unglingar gátu komið saman og eytt tíma í tómstundum í öruggu umhverfi þar sem starfsmenn gættu þess að allt færi vel fram. Starfsemin í Agnarögn var að flestu leyti tilraunakennd enda ekki við öðru að búast þar sem hún var fyrsta félagsmiðstöð bæjarins.

Hugmyndum um unglungalýðræði var beitt við starfsemi Agnaragnar. Hugtakið inniber að unglingarnir komi sjálfir að rekstri og skipulagningu félagsmiðstöðvarinnar. Þar með læri unglingarnir skipulagningu, að axla ábyrgð og fleiri ákjósanleg gildi. Hugmyndir þessar eiga rætur að rekja til Norðurlandanna og vera má að þær hafi komið hingað með starfsfólki sem hafði verið í námi þar (Linda Udengaard, 2010). Starfsemi Agnaragnar var afar umdeild. Framan af var aðsóknin í félagsmiðstöðina gríðarleg. Húsið var yfirfullt fyrstu mánuðina en smám saman tók að draga úr aðsókninni. Það gerðist svo að klíka samsett af unglungum sem tilheyrðu jaðarhópum tók í raun yfir félagsmiðstöðina og stýrðu henni að mestu leyti án þess að starfsmenn hefðu mikið um málin að segja (Linda Udengaard, 2010). Unglungalýðræðið var tekið út á ystu nöf þar sem unglingarnir réðu meira og minna öllu og starfsmenn höfðu takmarkaða stjórn á starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Aðsókn í kjölfar þess að klíkurnar voru búnar að taka sér flest völd tók að dala töluvert. Börn úr hverfum sem ekki voru í næsta nágrenni hættu að nýta sér starfsemina þó svo að böllin hefðu ennþá verið tiltölulega vinsæl.

Árið 1985 var félagsmiðstöðin Ekkó set á laggirnar en fyrirkomulagið þar var töluvert öðruvísi en í tilfalli Agnaragnar. Hún var staðsett inn í Þinghólsskóla í vesturbæ Kópavogs og starfaði á vegum hans (Ómar H. Kristmundsson, Benóný Ægisson og Ragna Guðbrandsdóttir, 1989). Tómskundakennarar á vegum skólans störfuðu í Ekkó fyrst um sinn en árið 1989 var Hrafnhildur Ástþórsdóttir ráðin sem forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar.

Unglingalýðræðið sem ekki hafði gengið neitt sérstaklega vel í Agnarögn var enn til staðar en í minna mæli. Unglingarnir voru hafðir með í skipulagningu og rekstri en starfsmenn höfðu allt framkvæmdavald og þeir veittu leyfin. Þar sem Ekkó var rekin á vegum Þinghólsskóla skipti miklu máli að samstarf milli starfsmanna Ekkó og skólans væri gott. Hrafnhildur Ástþórsdóttir (2010) lýsti því samstarfi með afar jákvæðum hætti. Samstarf hennar sem forstöðumaður og Guðmunds Oddssonar skólastjóra Þinghólsskóla var gott frá fyrsta degi og það, að hennar sögn, spilaði lykilhlutverk í velgengni Ekkó.

Rétt um það leyti sem Hrafnhildur kemur til starfa hjá Ekkó var Agnarögn að líða undir lok. Starfið skilaði ekki tilætluðum árangri og erfiðleikar voru miklir. Í raun má segja að Agnarögn hafi verið fyrsta skrefið sem bæjaryfirvöld tóku til þess að taka á undirgangnavandamálinu. Þessum krökkum hafi meira og minna verið komið fyrir í húsnæði og látin djöflast þar í stað þess að hafa þau á almenningsstöðum. Það var ekki fyrr en töluvert síðar að reglur voru hertar og uppeldis- og forvarnarsjónarmið tóku að fléttast inn í starfið. Agnarögn var því, ef vel er að gáð, ekki misheppnuð sem slík. Vissulega gekk starfsemin ekki eins og til hafi verið ætlast en hún markaði engu að síður þann byrjunarpunkt sem var forsenda allra hinna félagsmiðstöðvanna og starfsreglna þeirra.

Það ber nokkuð hlut foreldra og forráðamanna í sögu félagsmiðstöðva í Kópavogi. Sama á við um málefni íþrótta og skóla. Björn Þorsteinsson (2010) heldur því fram að þáttur foreldra hafi verið mikill í kröfum á úrræðum fyrir börn og unglínga. Frumkvæði og ákvarðanir voru ekki að frumkvæði bæjaryfirvalda, heldur fyrir tilstuðlan foreldra sem allt vildu gera til þess að bæta aðbúnað og starfið yfir höfuð. Oft gáfu þau tíma sinn og vinnu til þess að taka þátt í ýmsum verkefnum sem síðar urðu rótgrónar stofnanir á vegum tómskundaráðs og síðar íþrótta og tómskundaráðs. Ber þá helst að nefna þátttöku foreldra í uppbyggingu íþróttastarfs í bænum. Sem dæmi má nefna að þegar Handknattleiksfélag Kópavogs var stofnað mátti ekki skipa tilvonandi formann,

því hann hafði ekki náð tilskyldum aldri samkvæmt lögum félagsins. Var þá fenginn einn þabbinn til þess að taka við embættinu að nafninu til, svo viðkomandi gæti sinnt starfinu. Ótal fleiri dæmi eru til um þátt foreldra og forráðamanna í málefnum íþróttá- og tómstundamála í Kópavogi.

3.3 ÍTK

Árið 1997 var Íþróttá- og Tómstundaráð Kópavogs (ÍTK) stofnað. Aftur voru þeir málaflókkar settir undir sama hatt, eins og gert hafði verið árið 1972 þegar tómstundaráð var stofnað. Þetta fyrirkomulag átti eftir að hafa miklar breytingar í för með sér og leiddu af sér þá starfshætti sem félagsmiðstöðvarnar fylgja í dag.

Í reglugerð dagsettri 14. október árið 1997, stendur í fjórðu grein að ráðið eigi að efla íþróttá-, félags-, æskulýðs-, og tómstundastarf Kópavogsbúa og hafa í því sambandi samvinnu við þá aðila sem um slík mál fjalla. Einnig skuli ráðið sinna vímuvörnum barna og unglunga í bænum (Ópr. Íþróttá- og tómstundaráð Kópavogs, 1997). Í reglugerð þessari kemur fram að tilgangur ÍTK sé að efla starf sem snýr að æskulýðs- og tómstundastarfi. Þetta var í raun svipað því sem tómstundaráð hafði séð um fram að þessu. Í júní árið 1999 varð sú breyting á, að sérstakur æskulýðs- og forvarnarfulltrúi var ráðinn til þess að sjá með beinum hætti um þessi umræddu málefni. Starfsmaðurinn heitir Linda Udengaard og hafði starfað við málefni tómstunda og æskulýðs um árabil, meðal annars í félagsmiðstöðinni Fellahelli í Breiðholti. Ráðning hennar markaði ákveðin tímamót í sögu félagsmiðstöðvanna. Þar með færðist umsjón með félagsmiðstöðvunum frá skólunum til ÍTK (Linda Udengaard, 2010).

Þegar Linda tók við voru reknar tvær félagsmiðstöðvar í Kópavogi. Ekkó í Þinghólsskóla og Igló í Snælandsskóla. Tómstundafulltrúar voru í Digranesskóla, Hjallaskóla og Smáraskóla. Þeir gegndu hálfu stöðugildi og voru starfsmenn skólanna (Ópr. Linda Udengaard, 2006) Félagsmiðstöðvarnar höfðu fram að ráðningu Lindu heyrt undir skólana í samstarfi við ÍTK. Ekkó og Igló voru einu félagsmiðstöðvarnar og höfðu meira en hálf stöðugildi. Í Ekkó var Hrafnhildur Ástþórsdóttir forstöðumaður ásamt hlutastarfsmönnum og í Igló starfaði Dagný Björk Pjetursdóttir sem forstöðumaður, ásamt fleirum. Það fyrirkomulag varð vísir að þeirri aðferð sem síðar skyldi notuð í öðrum félagsmiðstöðvum í Kópavogi. (Björn Þorsteinsson, 2010). Þegar líða tók á árið 1999 voru stofnaðar félagsmiðstöðvar í Digranesskóla (Hóllinn),

Hjallaskóla (Mekka) og Smáraskóla (Þeba) þar sem tómstundafulltrúar höfðu áður starfað.

Tilfærsla félagsmiðstöðvanna frá skólunum til ÍTK var ekki vandræðalaus. Nánast strax heyrðust hávær mótmæli frá skólastjórnendum grunnskólanna. Það var eindreginn vilji margra skólastjóra að málaflokkurinn skyldi ekki færður og reyndar voru sumir á þeirri skoðun að starfsmenn félagsmiðstöðvanna væru í raun starfsmenn skólanna. Einnig áttu þeir erfitt með að hleypa inn í skólana starfsemi sem hafi takmarkað regluverk til þess að tryggja að allt færi þar vel fram. Úrlausn þess vanda fólst í því að setja upp traustan starfsramma um starfsemi félagsmiðstöðva. Settar voru reglur um starfsemi, forvarnargildi, markmið og fleira. Þetta markar að mörgu leyti upphaf þess að félagsmiðstöðvar í Kópavogi voru skilgreindar með þeim hætti sem þær eru í dag. Þegar regluverkið var komið var farið í að gera sérstaka samninga við hvern og einn grunnskóla sem hafði unglíngadeild, um hvernig félagsmiðstöðin skyldi starfa innan skólahúsnæðisins. Þessi vinna hjálpaði mikið til að friða skólastjórnendur, sem höfðu sínar efasemdir um ágæti starfseminnar. Þetta var aðeins ein birtingarmynd þeirra vandamála sem spruttu upp þegar starfsemi félagsmiðstöðvanna var færð undir ÍTK frá skólunum.

Þegar ÍTK hafði tekið við umsjón félagsmiðstöðvanna var fljótlega reynt að fá að opna félagsmiðstöðvarnar á föstudagskvöldum. Markmiðið var að reyna að bjóða upp á aðstöðu fyrir unglínga til þess að koma saman í félagsmiðstöð undir eftirliti starfsmanna með skýrum reglum um vímuefnaleysi. Þar með væri hægt að koma í veg fyrir hópamyndun sem farin var að aukast á föstudagkvöldum í Kópavogi (Linda Udengaard, 2010).

Hugmyndum um að hafa félagsmiðstöðvar opnar á föstudögum var misvel tekið. Margir voru á þeirri skoðun að það myndi engan vanda leysa og samsöfnuður unglínga myndi bara færast að skólunum sem væri ekki ráðlegt. Opnun á föstudögum var engu að síður gert að tilraunaverkefni meðal annars í Digranesskóla. Starfið gekk svo vel að unglíngar flyktust að úr öðrum hverfum til þess að taka þátt í opnu húsi á föstudegi. Unglíngar mættu og lutu reglum félagsmiðstöðvanna um vímuefni. Í kjölfarið fór að heyrast í foreldrum sem voru ósátt við að börn þeirra væru að fara út úr hverfum sínum til þess að sækja opin hús félagsmiðstöðva sem langt voru frá heimahúsunum. Þar með skapaðist grundvöllur til þess að taka upp stefnu um hverfaskiptar félagsmiðstöðvar sem

hafa ætti í öllum grunnskólum bæjarfélagsins. Sú varð raunin og í dag starfa félagsmiðstöðvar í hverjum einasta grunnskóla með unglingadeild í Kópavogi (Linda Udengaard, 2010).

Með þessu var loks endanlega úr sögunni deila um stóra félagsmiðstöð í miðbæ Kópavogs eða litlar hverfaskiptar félagsmiðstöðvar. Það hefur sýnt sig að hverfaskipt fyrirkomulag skilar töluvert betri árangri heldur en hinn kosturinn. Að því gefnu er ekki skrítið að Agnarögn leið undir lok og margar aðrar félagsmiðstöðvar skutu upp kollinum víðsvegar um bæinn í staðinn. Hvað opnun miðstöðvanna á föstudagskvöldum varðar, voru þær teknar upp í öllum félagsmiðstöðvum. Það fyrirkomulag er enn óbreytt.

Ástæður þess að starfsemi félagsmiðstöðva var færð undan skólunum til ÍTK voru þó nokkrar. Margir álitu að í ljósi eðlismunar á starfi félagsmiðstöðva og skóla væri rökrétt að þessar stofnanir störfuðu sér og óháðar hvor annarri. Félagsmiðstöðvar eru í stanslausri þróun, til þess að mæta þörfum unglunga sem breytast í takt við tísku og tíðaranda. Það sama gildir ekki í sama mæli hjá skólunum. Þar er starfið lögbundið og lýtur strangari reglum. Það getur þar af leiðandi ekki aðlagast þörfum unglunga með sama hætti eins og félagsmiðstöðvarnar. Það er einnig mat margra að betra væri að hafa í vinnu í félagsmiðstöðunum fagfólk sem ekki störfuðu í skólanum, til þess að marka skýra línu fyrir unglingana. Erfitt gæti orðið fyrir starfsmann að starfa á báðum sviðum því að áherslur í starfinu er í eðli sínu frábrugðnar. Nemendur gegna kennurum sínum, hlusta og læra af þeim. Kennarar eru að vissu leyti æðri en nemendur og fara með völdin. Starfsmenn félagsmiðstöðva eða frístundaleiðbeinendur, eins og starfsheitið er í dag, starfa aftur á móti meira á jafningjagrundvelli.

Unglingum ber ekki skylda til þess að mæta í félagsmiðstöðvar. Það er heldur ekki í verkahring frístundaleiðbeinanda að skipa fyrir eða ætlast til. Þannig skapast samband milli unglings og starfsmanns sem er ólíkt sambandi unglings við kennara. Gegni kennari einnig hlutverki tómsunda-ráðgjafa eða frístundaleiðbeinanda getur það haft ruglandi áhrif á unglinginn. Hann á þá erfiðara með að greina hvar mörk kennara og frístundaleiðbeinanda liggja (Hrafnhildur Ástþórsdóttir, 2010).

4. Lokaorð

Kópavogur er bæjarfélag sem hefur vaxið á ótrúlegum hraða. Breytingin frá samfélagi sjálfsþurftarbúskapar í nánast óbyggðri sveit, yfir í að nútíma velferðarsamfélag í nútíma bæ tók aðeins um 40 ár. Það var ekki fyrr en um árið 1940 sem raunverulegir mannflutningar til Kópavogs hófust og árið 1980 var bærinn orðinn að nútíma bæjarfélagi. Þessi öra þróun setti mark sitt á flest sem við kom uppbyggingu bæjarfélagsins. Félagsmiðstöðvarnar eru þar engin undantekning. Fyrstu ár Kópavogs einkenndust af uppbyggingu á grunnskipulagi. Vatni þurfti að veita, vegi þurfti að leggja og rafmagn varð að draga inn í hús. Samhliða þessu fluttist fólk í gríðarmiklum mæli í bæinn, þannig að nóg var um verkin sem vinna varð að. Félagsleg málefni á borð við æskulýðs- og tómsundamál sátu á hakanum sökum þessa. Mikilvægara þótti að koma upp allri skipulagsgerð og grunnþjónustu áður en farið var út í að bæta félagslega þjónustu af einhverju ráði. Stofnun skóla var eitt af höfuð baráttumálum Kópavogsbúa. Verkið var erfitt og tók langan tíma en aðeins um 4 árum eftir að frumkvæði að byggingu skóla í Kópavogi var tekin stóð Kópavogsskóli á þeim stað sem hann stendur enn.

Þegar skipulagsgerðin var að mestu leyti komin, fór að bera á öðrum áherslum hvað varðaði úrbætur fyrir bæjarbúa. Kröfur um bætta úrlausnir fyrir börn og ungmenni urðu háværi, samhliða því sem sá hópur fólks tók að stækka og afmarkast. Ný stétt var að verða til á þeim velmegunarárum sem fylgdu seinni heimsstyrjöldinni. Stétt ungs fólks sem ekki þurfti að vinna varð að stétt neytanda sem fylgdi straumum tískunnar, hlustaði á tónlist og klæddist eins og hetjur hennar í Bítlunum eða Rolling Stones.

Árið 1958 var Æskulýðsráð Kópavogs stofnað. Markmið þess var að reyna að auka æskulýðs- og tómsundastarfsemi í bænum og var Sigurjón Hilaríusson allt í öllu í ráðinu frá því hann var ráðinn árið 1964. Samræmd og skipulögð starfsemi kom þó ekki til fyrr en töluvert seinna þegar Tómsundaráð Kópavogs var stofnað árið 1972.

Tómsundaráð Kópavogs var stofnað með því markmiði að samræma æskulýðs- og tómsundastörf sem rekin voru af frjálsum félögum eða á vegum skólanna. Æskulýðsráð var lagt niður í kjölfarið. Var það í raun fyrsta tilraunin til þess að koma starfsemi sem snéri að þjónustu barna og unglínga í skipulagt starfsumhverfi á vegum bæjarins. Tómsundastarfsemi var á þessum árum nokkur. Hún var þó með allt öðru

sniði en það sem þekktist í dag. Námskeið og klúbbar voru á vegum skólanna. Kennarar sinntu oft þessum verkefnum sem styrktar voru af tómstundaráði.

Fyrir þá sem höfðu áhuga á ljósmyndun, skák eða einhverju öðru sem boðið var upp á námskeið í var þetta allt gott og vel. Fyrir þá, sem ekki fundu sig í því sem var í boði, var lítið gert. Líkt og skólaárið störfuðu námskeið þessi og klúbbar mest á haustin og veturna. Tómstundaráð beitti sér því fyrir því að auka sumarstarfið. Tómstundastarfsemi var að jafnaði vel sótt á þessum árum en engu að síður vantaði töluvert upp á að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi.

Samsöfnun unglunga í biðskýli og undirgöngum Hamraborgar var í raun stærsti hvati þess að úrbætur á starfi í þágu barna og unglunga hélt áfram á áttunda og níunda áratugnum. Ástandið var á köflum yfirþyrmandi og ljóst var að einhverja úrlausn þurfti. Hófast í kjölfarið umræður um að stofna félagsmiðstöð til þess að takast á við „unglingavandann“. Deilur um stofnun félagsmiðstöðvar snérist fyrst og fremst um hvaða fyrirkomulag væri vænlegast til þess að þjónusta unglunga sem best. Stór félagsmiðstöð í miðbæ Kópavogs var ein tillagan en litlar og hverfaskiptar var önnur.

Agnarögn var stofnuð árið 1983 og var fulltrúi stórrar félagsmiðstöðvar sem staðsett var miðsvæðis. Starfsemin í Agnarögn var frábrugðin því sem gengur og gerist í félagsmiðstöðvum í dag. Agnarögn starfaði eftir kenningum um unglungalýðræði. Hugtakið kom frá Skandinavíu og hafði verið beitt í starfi þar með einhverjum árangri. Unglungalýðræðið var ef til vill beitt í of miklum mæli og voru raddir þess efnis að þeir unglingar sem sóttu Agnarögn færu í raun með öll völd er snéru að rekstri félagsmiðstöðvarinnar. Agnarögn var því skammlíf en skipti miklu máli í sögu félagsmiðstöðva, því lært var af reynslunni þegar félagsmiðstöðin Ekkó var sett á laggirnar. Reynslan af Agnarögn var notuð til þess að gera Ekkó að enn betra úrræði.

Ekkó varð í raun fyrirmynd allra þeirra félagsmiðstöðva sem komu í kjölfarið og eru starfandi í dag. Ekkó var staðsett inni í skóla og ætluð til þess að þjónusta unglunga úr vesturbæ Kópavogs. Hún var því í raun fulltrúi lítillar hverfaskiptrar félagsmiðstöðvar. Unglungalýðræðið var enn mikilvægt í starfsemi félagsmiðstöðvarinnar en var sniðið með þeim hætti að starfsmenn fóru með úrslitaatkvæði í ákvörðunum og skipulagningu. Ekkó var starfrækt í og á vegum Þinghólsskóla framan af en það átti eftir að breytast með tilkomu ÍTK.

Íþróttá- og tómstundaráð Kópavogs tók við af Tómsundaráði. Aðal breytingin með tilkomu ÍTK var flutningur málefna félagsmiðstöðvanna frá skólunum til ÍTK. Um þessa tilfærslu spunnust miklar deilur. Þessar deilur urðu til þess að ÍTK smíðaði mikið regluverk utan um starfshætti, uppeldis- og forvarnargildi félagsmiðstöðva sem í átti stærstan þátt í að leysa deiluna við skólastjórnendur og skólanefnd. Regluverk þetta varð einnig til þess að lyfta starfsemi félagsmiðstöðva upp á faglegra plan.

Sá starfsrammi sem einkennir félagsmiðstöðvar Kópavogs í dag er í raun afrakstur allrar þeirrar vinnu sem lögð hefur verið í að koma á fót í Kópavogi góðu æskulýðs- og tómstundastarfi. Níu félagsmiðstöðvar í jafnmörgum skólum starfa allar eftir samhæfðum reglum og skipulögðu regluverki sem einbeitt sér að uppeldis- og forvarnargildum. Félagsmiðstöðvarnar eru opnar á mánudögum, miðvikudögum og annan hvern föstudag allt skólaárið. Sumaropnanir eru einnig í völdum félagsmiðstöðvum. Boðið er upp á víðtæka starfsemi sem leitast við að mæta þörfum unglunga á sviði tómstunda og forvarna. Það má því sanni segja að félagsmiðstöðvar í Kópavogi séu í dag sterkari en nokkru sinni fyrr og gegna gríðarlegu miklu hlutverki í lífi flestra unglunga bæjarins.

Margar spurningar skjóta upp kollinum þegar ljóst er að málefni æskulýðs- og tómstunda voru látin sitja á hakanum á fyrstu dögum Kópavogs og frameftir. Hefði verið hægt að koma í veg fyrir vandamál og borð við hópamyndun í sjoppum og undirgöngum Hamraborgar ef úrræði hefðu verið sköpuð fyrr? Var hægt minnka óreglu pönktímabilsins með markvissari fyrirbyggjandi starfsemi? Spurningar sem þessar koma upp í huga þess sem veltir fyrir sér tilhögun æskulýðs- og tómstundamála í bæjarfélagi sem setti aðra hluti í forgang. Það er ekki langsótt að ætla að hægt hefði verið að hafa áhrif á eða koma í veg fyrir mörg vandamál sem snéru að unglungum á þessum tímum, ef markvisst æskulýðs- og tómstundastarf hefði verið til áður en bæjarbúar fóru að krefjast úrlausna. Það gæti því orðið umhugsunarefni fyrir þá sem með völdin fara, að virkja þessa málaflokka þegar næstu samfélagslegu breytingar fara af stað.

Heimildir

Prentaðar heimildir

Aðalheiður Erlendsdóttir og Pétur Ólafsson. (2009). Sýningarspjöld af sögusýningunni *Heilbrigð æska: Pönkið og Kópavogurinn 1978-1983*, opnuð í september árið 2009 í Tónlistarsafni Íslands.

Andrés Kristjánsson. (1990). Atvinna, þjónusta og samgöngur. Í Adolf J.E. Petersen (Ritstj.), *Saga Kópavogs: Frumbyggð og hreppsár 1935-1955* (B. II, bls. 179-211). Kópavogur: Lionsklúbbur Kópavogs.

Björn Þorsteinsson. (1990a). Félagsmálastofnun Kópavogs. Í Andrés Kristjánsson og Björn Þorsteinsson (Ritstj.), *Saga Kópavogs: Þættir úr kaupstaðarsögunni 1955-1985* (B. III, bls. 139-162). Kópavogur: Lionsklúbbur Kópavogs.

Björn Þorsteinsson. (1990b). Upphaf skólamála í Kópavogi. Í Adolf J. E. Petersen (Ritstj.), *Saga Kópavogs: Frumbyggð og hreppsár 1935-1955* (B. II, bls. 163-178). Kópavogur: Lionsklúbbur Kópavogs.

Björn Þorsteinsson. (1990c). Æskulýðs- og íþróttamál. Í Andrés Kristjánsson og Björn Þorsteinsson (Ritstj.), *Saga Kópavogs: Þættir úr kaupstaðarsögunni 1955-1985* (B. III, bls. 163-188). Kópavogur: Lionsklúbbur Kópavogs

Elín Finnbogadóttir (2002). Búskapur á Marbakka 1940-1948. Í Helga Sigurjónsdóttir (Ritstj.), *Sveitin mín - Kópavogur: Frásagnir bekkjarsystkina* (bls. 133 - 142). Kópavogur: Skóli Helgu Sigurjónsdóttur.

Elkind, D. (1974). *Children and Adolescents: Interpretive Essays on Jean Piaget* (2. útg.). New York: Oxford University Press.

Hagstofa Íslands. (e.d.). Fjöldataölur úr Kópavogsbæ 2010. Sótt 9. janúar 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9lagi+1%2E+jan%FAar+1998%2D2010+%2D+Sveitarf%E9lagaskipan+hvers+%E1rs++++%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.

KFUM og KFUK á Íslandi. (e.d.). Sótt 9. janúar 2011 af <http://www.kfum.is/forsida/kfum-og-kfuk/soguagrip/>.

Lýður Björnsson. (1990). Kópavogur 1936-1955. Í Adolf J.E. Petersen (Ritstj.), *Saga Kópavogs: Frumbyggð og hreppsár 1935 - 1955* (Fyrri hluti, bls. 37-158). Kópavogur: Lionsklúbbur Kópavogs.

Ómar H. Kristmundsson, Benóný Ægisson & Ragna Guðbrandsdóttir. (1989). *Pæld'íði!: Unglingar í Kópavogi*. Kópavogur: Félagsmálastofnun Kópavogs.

Sigríður Lúthersdóttir. (2007). Digranesblettur 117 Hlíðarvegur 5, Kópavogur. Í Hrafn Andrés Harðarson og Inga Kristjánsdóttir (Ritstj.), *Minningabók Kópavogsbúa* (bls. 25-34). Kópavogur: Bókasafn Kópavogs.

Skátafélagið Kópar. (e.d.). Sótt 9. janúar 2010 af <http://www.kopar.is/felagid>

Þorleifur Friðriksson, Sólborg Una Pálsdóttir og Haraldur Þór Egilsson. (2003). *Innan veggja og utan: Saga skóla og fræðslu í Kópavogi 1946-2001*. Kópavogur: Kópavogsbær.

Þorsteinn Ásgeirsson, Frímann Ingi Helgason, Lárus Ragnarsson, Gunnar Einarsson, og Arnór Ragnarsson. (2007). Frelsi - Víðátta - Vinátta. Í Hrafn Andrés Harðarson og Inga Kristjánsdóttir (Ritstj.), *Minningabók Kópavogsbúa* (bls. 123-177). Kópavogur: Bókasafn Kópavogs.

Óprentaðar heimildir

Íþrótt- og tómstundaráð Kópavogs. (1997). Reglugerð fyrir Íþrótt- og tómstundaráð Kópavogsbæjar nr. 1/1997. Héraðsskjalasafn Kópavogs.

Linda Udengaard, (2006). *Félagsmiðtsöðvar: Starfsárið 2005-2006*. Kópavogur: Kópavogsbær.

Tómstundaráð Kópavogs. (1981). Fundargerð tómstundaráðs. Tillaga um að nýta kjallara í húsnæði leikskólans í Fögrubrekku, dags. 26. jan. Héraðsskjalasafn Kópavogs. Gjörðabók tómstundaráðs.

Heimildarmenn

Björn Þorsteinsson. (2010). Starfsmaður Kópavogsbæjar, Kópavogur. [Viðtal tekið af William Óðni Lefever 28. Desember 2010].

Hrafnhildur Ástþórsdóttir. (2010). Forstöðumaður Ekkó 1989-2008, Reykjavík. [viðtal tekið af William Óðni Lefever 25. Nóvember 2010].

Linda Udengaard. (2010). Æskulýðs- og forvarnarfulltrúi Kópavogsbæjar 1999-2008, Kópavogur. [Viðtal tekið af William Óðni Lefever 28. Desember 2010].